

BRÁÐABIRGÐALÖG

56

20. okt.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna siglingahættu þeirrar, sem af stórveldaófriðnum stafar, sé nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni með bráðabirgðalögum, samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, að banna upplýsingar um skipaferðir o. fl. Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 20. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.